

Föstudaginn 4. desember 1998.

Nr. 458/1998.

Samvinnusjóður Íslands hf.

(Jónatan Sveinsson hrl.)

gegn

Óskari Guðna Gunnarssyni

(sjálfur)

Kærumál. Nauðungarsala. Kæruheimild. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 4. nóvember 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 20. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 29. október 1998, þar sem ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík 3. júlí 1998 um úthlutun á söluverði bifreiðarinnar YE 858 var breytt á þann veg, að krafa varnaraðila um greiðslu á 318.060 krónum gengi frammar kröfu sóknaraðila í réttindaröð við úthlutunina. Um kæruheimild vísar sóknaraðili til 85. gr., sbr. 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Hann krefst þess, að fyrrnefnd ákvörðun sýslumanns verði staðfest, þannig, að sóknaraðili fái úthlutað af söluverði umræddrar bifreiðar 701.752 krónum. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdómara verði staðfestur. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Ágreiningur málsaðila stendur um úthlutun söluverðs fyrrnefndrar bifreiðar við nauðungarsölu. Samkvæmt 2. mgr. 68. gr., sbr. 1. mgr. 52. gr. laga nr. 90/1991, verður ágreiningsmál um það sakarefni rekið fyrir dómi eftir ákvæðum XIII. kafla laganna. Um heimildir til að kæra úrskurð héraðsdóms í slíku máli eru fyrirmæli í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 90/1991. Er þar meðal annars áskilið, að úrskurði, sem felur í sér lokaákvörðun um ágreiningsefni, verði ekki skotið til Hæstaréttar, nema fullnægt sé almennum skilyrðum til áfrýjunar dómi í einkamáli.

Málsaðilar deila um, hvort krafa varnaraðila, að fjárhæð 318.060

krónur, eigi að njóta forgangs í skjóli haldsréttar fyrir kröfu sóknaraðila, sem er tryggð með samningsveði í umræddri bifreið. Áfrýjunarfjárhæð samkvæmt 1. mgr. 152. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 6. gr. laga nr. 38/1994, er nú 333.251 króna. Er því ekki fullnægt skilyrðum 1. mgr. 79. gr. laga nr. 90/1991 fyrir kæru úrskurðar í máli þessu, enda hefur sóknaraðili ekki aflað leyfis Hæstaréttar til málskots. Verður málinu þannig sjálfkrafa vísað frá Hæstarétti.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af kærumáli þessu.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 29. október 1998.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi 21. október sl., barst dóminum 5. ágúst sl. og var þingfest 11. september sl.

Sóknaraðili, Óskar Guðni Gunnarsson, kt. 100463-5049, óstaðsettur í hús í Reykjavík, krefst þess, að ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 3. júlí sl. um úthlutun nauðungarsöluverðs bifreiðarinnar YE 858 verði hrundið og viðurkenndur verði haldsréttur hans, sem gangi framár öllum samningsveðum. Þá krefst hann þess, að sér verði úthlutað 318.060 krónum af nauðungarsöluverði bifreiðarinnar. Þá er krafist málskostnaðar.

Varnaraðili, Samvinnusjóður Íslands hf., kt. 691282-0829, Sigtúni 42, Reykjavík, krefst þess aðallega, að kröfu sóknaraðila verði vísað frá dómi, en til vara, að ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 3. júlí sl. verði staðfest og kröfum sóknaraðila varðandi þá ákvörðun verði hafnað. Þá er krafist málskostnaðar.

Við aðalmeðferð málsins krafðist sóknaraðili þess, að frávísunarkröfu varnaraðila yrði hrundið.

Málavextir eru þeir, að bifreiðin YE 858, skráð eign Litla hljóðversins ehf., var seld nauðungarsölu 16. maí sl. Sóknaraðili, sem rekur bifreiðaviðgerðaverkstæði í Reykjavík, lýsti kröfu í nauðungarsöluandvirðið, að fjárhæð 318.060 krónur, sem hann kvað vera vegna vinnu við viðgerð bifreiðarinnar svo og fyrir varahluti. Hefur hann lagt fram reikning yfir vinnuna og varahlutina, sem dagsettur er 25. mars sl.

Sóknaraðili lýsti yfir því, að hann hefði haldsrétt í bifreiðinni, og krafðist úthlutunar á grundvelli þess. Sýslumaður samdi frumvarp til úthlutunar söluverðs bifreiðarinnar 22. maí sl. og tók þá til greina kröfu sóknaraðila og

úthlutaði honum 318.060 krónum. Þessu mótmælti varnaraðili, og voru þau mótmæli tekin fyrir hjá sýslumanni 3. júlí sl. Við þá fyrirtöku tók sýslumaður ákvörðun um að hafa haldsréttarkröfu sóknaraðila og breytti frumvarpi til úthlutunar á söluverði bifreiðarinnar þannig, að allt nettóandvirði bifreiðarinnar kom í hlut varnaraðila.

Við þessa fyrirtöku hjá sýslumanni var sóknaraðili sjálfur staddur, en hann er ólöglerður. Bókað er eftir honum eftirfarandi: „Óskar Gunnarsson lýsir yfir því, að hann muni skjóta framangreindri ákvörðun um að taka haldsréttarkröfu fyrirtækisins ekki til greina við úthlutun nauðungarsöluverðmætis til Héraðsdóms Reykjavíkur.“

Sóknaraðili lýsir málavöxtum að öðru leyti á þá lund, að framkvæmdastjóri Litla hljóðversins ehf. hafi komið með nefnda bifreið til viðgerðar á verkstæði sitt. Á verkstæðinu hafi verið gert við bifreiðina og skipt um ýmsa hluti. Samtals hafi verið unnið við hana í 89 klukkustundir, og reikningurinn hljóði upp á 318.060 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Að lokinni viðgerð hafi sóknaraðili talið, að unnt væri að minnka enn frekar bensíneyðslu bifreiðarinnar, og hafi hann því ákveðið að færa hana til skoðunar á pústverkstæði í Nóatúni í Reykjavík, en það sérhæfi sig í viðgerðum á pústkerfum bifreiða. Við skoðun bifreiðarinnar á verkstæðinu hafi komið í ljós, að skipta þurfti um ákveðinn hlut, og var ákveðið, að bifreiðin kæmi á verkstæðið fjórum dögum síðar til þeirrar viðgerðar. Sóknaraðili kveðst hafa falið Jóni Guðmundssyni að færa bifreiðina til skoðunar á þetta pústverkstæði, en hann hafi um nokkurt skeið tekið að sér ýmis viðvik fyrir sóknaraðila og væri auk þess eigandi bílskúrs að Þvottalaugabletti 27 við Suðurlandsbraut, sem sóknaraðili hafi á leigu. Sóknaraðili kveðst nota bílskúrinn til að geyma bifreiðar og til að vinna þar að minni háttar viðgerðum. Þegar nefndur Jón Guðmundsson hafi komið með bifreiðina á geymslustaðinn, hafi borið þar að Ingjald H. Ragnarsson. Hafi Ingjaldur krafist þess að fá vörslur bifreiðarinnar í sínar hendur og framvísað heimild sýslumanns til þess að taka hana vegna fyrirhugaðrar nauðungarsölu. Jón Guðmundsson hafi brugðist illa við kröfunni um að afhenda bifreiðina, enda hafi honum verið kunnugt um, að sóknaraðili hafi áður tapað fjármunum vegna ógreidds viðgerðarkostnaðar í slíkum tilfellum. Hafi þá verið skipt um hjólbarða á bifreiðinni, til að hægt væri að aka henni að Þvottalaugabletti til geymslu og síðan á verkstæði í Nóatúni. Jón Guðmundsson hafi lagt til hjólbarðana, og var hann ósáttur við að missa þá af bifreiðinni. Að endingu hafi hann skorið á hjólbarða bifreiðarinnar, en hún hafi verið flutt á brott.

Sóknaraðili reisir kröfu sína um greiðslu á haldsrétti í bifreiðinni vegna

ógreidds viðgerðarkostnaðar. Honum hafi verið óskýlt að láta bifreiðina af hendi nema gegn greiðslu þess kostnaðar. Grundvöllur haldsréttar sé, að hlutur sé í vörslum þess, sem ber fyrir sig haldsrétti. Vörslurnar þurfi þó ekki að vera persónulega í höndum haldsréttarhafa, nægjanlegt sé, að tryggt sé, að eigandi hlutar geti ekki tekið hann í sínar vörslur án samþykkis haldsréttarhafa. Umráðamaður bifreiðarinnar, Jón Guðmundsson, hafi farið með vörslur hennar í umboði sóknaraðila. Vörslumanni hafi verið ljóst, að ekki mætti afhenda bifreiðina eiganda hennar nema gegn greiðslu viðgerðarkostnaðar. Raunverulegar vörslur bifreiðarinnar hafi því verið í hendi sóknaraðila, og þótt hann hafi falið þær þriðja manni, veldur það ekki því, að hann missi haldsrétt sinn, enda hafi það verið á valdi sóknaraðila, hvort og hvenær eiganda yrði afhent bifreiðin. Sóknaraðila hafi borið að láta bifreiðina af hendi gegn framvísun heimildar um vörslutöku frá sýslumanni gegn því, að haldsréttur hans yrði virtur við nauðungarsöluna. Umrád sóknaraðila yfir bifreiðinni hafi því fullnægt þeim skilyrðum, sem séu fyrir haldsrétti, og hafi hann því haldið þeim rétti fyrir kröfu sinni.

Samkvæmt meginreglum veðréttar um rétt hæð haldsréttarkröfu gengur hún framár öðrum veðkröfum, þegar aðgerðir haldsréttar hafa aukið verðmæti andlagsins. Haldsréttarkrafa sóknaraðila hafi verið til komin vegna viðgerðar á bifreiðinni, sem hafi verið nauðsynleg, til að hana mætti nota. Viðgerðin hafi því aukið verðgildi bifreiðarinnar, og sé óeðlilegt, að varnaraðili sem eldri veðhafi hagnist á þeirri verðmætaaukningu. Ljóst sé því, að haldsréttarkrafa sóknaraðila gangi framár veðkröfu varnaraðila.

Aðalkrafa varnaraðila um frávísun málsins sé reist á því, að sóknaraðila hafi borið að gera grein fyrir því við fyrirtöku málsins hjá sýslumanni 3. júlí sl., hvaða dómkröfur hann myndi gera, er hann leitaði úrlausnar dómstóla. Samkvæmt gerðabók sýslumanns hafi sóknaraðili eingöngu lýst yfir, að hann myndi skjóta ákvörðun sýslumanns um að taka haldsréttarkröfu hans ekki til greina til Héraðsdóms Reykjavíkur. Ekkert komi fram um, hvaða kröfur hann muni gera, en samkvæmt 3. mgr. 73. gr. laga um nauðungarsölu nr. 90/1991 hafi honum borið að gera svo. Formsskilyrði um að leita úrlausnar héraðsdóms um ákvörðun sýslumanns í þessu máli sé því ekki fullnægt.

Verði ekki orðið við aðalkröfu, heldur varnaraðili því fram, að haldsréttur sóknaraðila í bifreiðinni hafi ekki verið í gildi, er vörslusvipting fór fram 9. maí sl. Reikningur sóknaraðila er dagsettur 25. mars sl., en vörslusvipting fór fram rúmlega sex vikum eftir að viðgerð lauk. Engin gögn hafa verið lögð fram af hálfu sóknaraðila, sem bendi til þess, að umráðamaður bifreiðarinnar, er vörslusvipting fór fram, áður nefndur Jón Guðmundsson,

hafi verið á vegum sóknaraðila. Engin gögn, svo sem skattskýrslur, launa-seðlar eða vinnureikningar, hafa verið lögð fram til að styðja staðhæfingu sóknaraðila um, að Jón Guðmundsson vinni ýmis störf eða verkefni fyrir hann. Þá hafi sóknaraðili ekki lagt fram kvittanir fyrir leigugreiðslum eða leigusamning um bílskúr Jóns að Þvottalaugabletti 27, en sóknaraðili haldi því fram, að hann hafi á leigu bílskúr þennan til að geyma þar bifreiðar og til að vinna að minni háttar viðgerðum. Þá hafi sóknaraðili ekki heldur lagt fram leyfi frá yfirvöldum til að reka útibú bifreiðaverkstæðis á þessum stað. Þá vanti og öll gögn, er sýni eignarrétt Jóns Guðmundssonar að þessari fasteign. Þá tekur varnaraðili fram, að samkvæmt skýrslu vörslusviptingarmanns komi fram, að nefndur Jón Guðmundsson hafi sagst vera í „redding-um“ fyrir Litla hljóðverið ehf., sem var þinglýstur eigandi bifreiðarinnar, er vörslusvipting fór fram. Vörslur bifreiðarinnar hafi því verið hjá þáverandi eiganda hennar, Litla hljóðverinu ehf., en ekki hjá sóknaraðila. Haldsréttur sóknaraðila hafi því ekki komið til greina. Nefndur Jón Guðmundsson hafði að eigin sögn keypt undir bifreiðina nýja hjólbarða, sem hann hafi skorið á og eyðilagt, er vörslusvipting átti að fara fram, þar sem hann hafi ekki fengið greiddar 10.000 krónur fyrir barðana. Skýringar sóknaraðila á því, hvers vegna Jón Guðmundsson hafi keypt nýja hjólbarða á bifreiðina, skjóti skökku við annars ólögmætri hegðun hans við vörslusviptinguna með því að skera á dekkinn.

Það sé almennt viðurkennt, að þeir, sem njóta veðréttinda í eignum, eru t. d. með samningsveð eða handveð, eigi að gera ákveðnar ráðstafanir til tryggingar veðréttindum. Þar megi nefna þinglýsingu skuldabréfa og órofna vörslu, þar sem handveð eigi við, til þess að vernda rétt sinn gagnvart þriðja aðila. Ef haldsréttur er í gildi, verður haldsréttarhafi að viðhalda rétti sínum með óumdeilanlegum vörslum til að njóta réttarverndar gagnvart síðari viðsemjendum, eiganda og öðrum rétthöfum. Haldsréttarhafi glati hins vegar haldsrétti, ef hann missir vörslur andlagsins eða lætur það af hendi. Verður að telja, að vörslur andlags verði að vera skýrar, svo að haldsréttur haldist.

Niðurstaða.

Í 2. mgr. 73. gr. laga um nauðungarsölu segir, að sá, sem vilji leita úrlausnar héraðsdómara, skuli lýsa yfir því við fyrirtöku á nauðungarsölunni, þar sem sú ákvörðun kemur fram, sem leita á úrlausnar um. Þá er mælt svo fyrir í 3. mgr. sömu greinar, að komi yfirlýsing fram við fyrirtöku máls, skuli um hana bókað í gerðabók ásamt því, sem hlutaðeigandi muni krefjast fyrir dómi. Eins og fyrr var rakið, lýsti sóknaraðili yfir, að hann myndi skjóta til

héraðsdóms þeirri ákvörðun sýslumanns að taka ekki til greina haldsréttar-kröfuna.

Dómurinn lítur svo á, að með þessari yfirlýsingu hafi sóknaraðili lýst nægilega ákveðið yfir, að hann myndi leita úrlausnar héraðsdóms um ákvörðun sýslumanns. Enn fremur felst í bókuninni væntanlega krafa hans fyrir dómi, nefnilega, að þeirri ákvörðun sýslumanns verði hrundið að taka haldsréttarkröfuna ekki til greina. Samkvæmt þessu er frávisunarkröfu varnaraðila hafnað.

Það er óumdeilt í málinu, að sóknaraðili hafi gert við bifreiðina og lagt til varahluti í hana og reikningur hans fyrir þessu nemi 318.060 krónum. Þá er og óumdeilt, að vegna viðgerðarinnar hafi sóknaraðili eignast haldsrétt í bifreiðinni, en málsástæður varnaraðila lúta að því, að sóknaraðili hafi glatað þeim rétti, áður en vörslusviptingarmaður tók bifreiðina af Jóni Guðmundssyni í því skyni að koma henni á uppboðsstað, eins og rakið var.

Bifreiðin YE 858 var boðin upp samkvæmt heimild í veðskuldabréfi, út gefnu af Xander ehf. til varnaraðila 20. mars 1997. Bifreiðin var síðar seld Litla hljóðverinu ehf. og var eign þess, þegar uppboðið fór fram. Gögn málsins bera ekki með sér, að Jón Guðmundsson tengist þessum hlutafélög-um. Sóknaraðili hefur haldið því fram, að Jón þessi hafi verið með bifreiðina á sínum vegum vegna viðgerða, er vinna átti við á öðru verkstæði. Forsvarsmaður þess verkstæðis hefur staðfest í vottorði, er lagt var fram hjá sýslumanni, að bifreiðin hafi verið þar til skoðunar sama dag og hún var vörslusvipt. Gert hafi verið ráð fyrir, að hún kæmi aftur til viðgerðar að nokkrum dögum liðnum. Þá hefur sóknaraðili og haldið því fram, að hann hafi haft bílskúr í eigu Jóns á leigu til að geyma í bifreiðar og vinna að minni háttar viðgerðum.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er ekki fallist á það með varnaraðila, að sóknaraðili hafi glatað haldsrétti að bifreiðinni við það að fela Jóni Guðmundssyni hana með framangreindum hætti, enda hefur ekki verið sýnt fram á, að hún hafi við það komist í hendur eiganda hennar. Þá féll haldsrétturinn ekki niður við vörslusviptinguna, sbr. 1. mgr. 60. gr. nauðungarsölulaga. Ákvörðun sýslumanns frá 3. júlí sl. er því breytt og haldsréttur sóknaraðila viðurkenndur. Ber samkvæmt þessu að úthluta honum 318.060 krónum af uppboðsandvirði bifreiðarinnar, og auk þess verður varnaraðili úrskurðaður til að greiða honum 60.000 krónur í máls-kostnað.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 3. júlí sl. um úthlutun nauðungarsöluverðs bifreiðarinnar YE 858 er breytt, en haldsréttur sóknaraðila, Óskars Guðna Gunnarssonar, viðurkenndur, og skal úthluta honum 318.060 krónum af uppboðsandvirðinu.

Varnaraðili, Samvinnusjóður Íslands hf., greiði sóknaraðila 60.000 krónur í málskostnað.
